

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. liður 16. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiði 8% — átta af hundraði — af söluskatti þeim, sem innheimtur er í ríkissjóð samkv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, 1. gr., svo og 5% — fimm af hundraði — af verðtollstekjum ríkissjóðs samkv. lögum nr. 7/1963, um tollskrá o. fl.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 16. febr. 1957, um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „einn og hálfan dag“ í 2. gr. laganna komi: einn og þrír fjórði dagur.

2. gr.

Í stað orðanna „6%“ í 3. gr. laganna komi: 7%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.